



## Fundargerð

## ÁRSFUNDAR

# Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2024

Haldinn miðvikudaginn 8. maí 2024 kl. 16:00

Í Sigtúni 42, Reykjavík

Formaður stjórnar, Heiða Björg Hilmisdóttir, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Fundargestir voru 12 alls, stjórn, starfsfólk og einn gestur.

### 1. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar sem er eftirfarandi:

Ágætu sjóðfélagar og aðrir gestir.

Nú verður farið yfir helstu málefni Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkur á liðnu ári. Þrátt fyrir miklar sveiflur á verðbréfamörkuðum innanlands og erlendis var raunávöxtun sjóðsins jákvæð á árinu 2023. Töluverðar sveiflur voru á erlendum hlutabréfamörkuðum á árinu en á árinu hækkaði heimsvísitala erlendra hlutabréfa MSCI um 22,1%. Innlendum hlutabréfamarkaður átti hins vegar undir högg að sækja á árinu og miklar sviptingar í ávöxtun hlutabréfa en vísitala innlendra hlutabréfa lækkaði á árinu um 0,52%. Stýrivextir Seðlabanka Íslands voru hækkaðir fjórum sinnum á árinu 2023, síðast í ágúst og hafa verið óbreyttir síðan þá í 9,25%. Hækkarnir höfðu bein áhrif á innlendan skuldabréfamarkað en vísitala verðtryggða skuldabréf hækkaði um 4,04% og vísitala óverðtryggðra skuldabréf hækkaði um 4,63%. Verbólgan var áfram há á árinu eða um 8,0%. Nafnávöxtun sjóðsins var 10,8% og raunávöxtun 2,0%. Meðaltal raunávöxtunar síðastliðinna 5 ára er 1,3% og 10 ára meðaltal er 2,5%.

#### Rekstur sjóðsins 2023

Í árslok 2023 námu heildareignir sjóðsins tæpar 91,6 ma.kr. en þær hækkuð um tæpar 4,5 ma.kr. á milli ára. Fjárfestingatekjur voru jákvæðar um 8,8 ma.kr. og rekstrarkostnaður var tæpar 199 m.kr. Nánar verður greint frá ársreikningi sjóðsins síðar á fundinum.

Á árinu 2023 greiddu 167 sjóðfélagar iðgjöld að meðaltali á mánuði samanborið við 191 árið á undan og fjöldi sjóðfélaga voru í árslok 15.301 samanborið við 15.752 árið undan. Heildargreiðslur lífeyris á árinu námu tæpum 7,3 ma.kr. en voru 6,7 ma.kr. á árinu áður. Að meðaltali greiddi sjóðurinn mánaðarlegan lífeyri til 3.809 sjóðfélaga en voru á árinu 2022 að meðaltali 3.581.

Í fyrsta sinn er sjóðurinn að veita upplýsingar um hversu stórt hlutfall af eignum sjóðsins teljast vera grænar eignir í samræmi við flokkunarreglugerð ESB (2020/852). Sú reglugerð skilgreinir hversu sjálfbær, eða grænn, atvinnustarfsemi fyrirtækja flokkast og fyrirtækjum á fjármálamarkaði ber síðan að nota þær upplýsingar til að upplýsa hvernig það endurspeglast í starfsemi þeirra. Þetta er hluti af viðleitni ESB við að stuðla að fjárfestingu í sjálfbærum rekstri og sporna við grænþvotti.



Þessi reglugerð tók gildi 1. júní 2023 og er innleiðing þeirra skammt á veg komin og upplýsingar fyrirtækja af skorum skammti. Því ber að taka upplýsingarnar sem eru settar fram í ársreikningnum með þeim fyrir fyrirvara að vegferð ESB er að hefjast og væntanlega verða upplýsingarnar skilmerkilegri í framtíðinni.

### **Tryggingafræðileg staða**

Tryggingafræðileg athugun fyrir árið 2023 sýnir að áfallnar skuldbindingar umfram eignir nema tæpum 39 ma.kr. en heildarskuldbindingar umfram eignir nema um 40,3 ma.kr. ef ekki er tekið tillit til viðbótaiðgjalda sem launagreiðendur greiða. Á árinu greiddu launagreiðendur til sjóðsins viðbótariðgjöld að fjárhæð 2,9 ma.kr. og ef tekið er tillit til þeirra eru heildareignir umfram heildarskuldbindingar um 103 m.kr. Viðbótariðgjöld frá borginni munu lækka á komandi árum þar sem á árinu var gengið frá uppgjöri á skuldbindingum borgarinnar á móti skuldabréfum sem borgin setti inn í sjóðinn við sölu á eignarhlut hennar í Landsvirkjun.

Nánar verður greint frá tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins síðar á fundinum.

### **Sameining**

Fyrirhuguð er sameining sjóðsins við Brú lífeyrissjóð en stjórnir beggja framangreindra sjóða hafa samþykkt viljayfirlýsingu um að sameina sjóðina miðað við 1. janúar 2024. Sameiningin er hugsuð þannig að Brú lífeyrissjóður stofnar nýja deild en í þá deild færast rekstur, eignir, skuldir og skuldbindingar sjóðsins en bakábyrgð Reykjavíkurborgar mun aðeins ná yfir þá deild. Þess ber að geta að sjóðurinn var lokað fyrir nýja sjóðfélaga þann 1. júlí 1998 með lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Ljóst er að umtalsverður fjárhagslegur ávinningur mun nást með sameiningu sjóðanna sem felst fyrst og fremst í lækkun á kostnaði við ytri og innri endurskoðun, stjórnarlaun, endurskoðunarnefnd, tryggingar og eftirlitsgjöld. Jafnframt mun sameiningin skapa tækifæri til að bæta rekstur sjóðanna enn frekar með betri nýtingu starfsfólks.

Megin forsendan fyrir sameiningu lífeyrissjóðanna er að réttindi og réttindaávinnsla sjóðfélaga til framtíðar verður óbreytt sem og bakábyrgð Reykjavíkurborgar en réttindakafli Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar verður óbreyttur.

Tillagan um sameininguna er í vinnslu hjá Reykjavíkurborg en niðurstöðu má vænta á næstu mánuðum.

### **Stjórn**

Samkvæmt samþykktum sjóðsins er stjórnin skipuð fimm stjórnarmeðlimum og tveim varamönnum. Reykjavíkurborg skipar formann stjórnar, tvo aðalmenn og einn varamann en Sameyki skipar varaformann stjórnar, einn aðalmann og einn varamann. Skipunartími stjórnar er fjögur ár.

Breytingar varð á stjórn sjóðsins á árinu en í upphafi árs voru í stjórn; Heiða Björg Hilmisdóttir formaður, Jakobína Þórðardóttir varaformaður, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Janus Arn Guðmundsson og Kolbrún Hauksdóttir sem aðalmenn og varamenn þau Gunnar Rúnar Matthíasson og Jórunn Pála Jónasdóttir. Í febrúar kom Maríjon Ósk Nóadóttir inn sem aðalmaður í stað Janusar Arns Guðmundssonar og Gunnar Rúnar Matthíasson í stað Kolbrúnar Hauksdóttur sem varð varamaður. Þá var Helgi Áss Grétarsson skipaður varamaður í stað Jórunnar Pálu Jónasdóttur.



Í október varð önnur breyting á stjórn sjóðsins þar sem Garðar Hilmarsson kom inn sem aðalmaður í stað Gunnars Rúnars Matthíassonar og Herdís Jóhannsdóttir var skipuð sem varamaður í stað Kolbrúnar Hauksdóttur.

Í lok árs var voru í stjórn; Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður, Jakobína Þórðardóttir, varaformaður, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Maríjon Ósk Nóadóttir og Garðar Hilmarsson. Varamenn eru þau Helgi Áss Grétarsson og Herdís Jóhannsdóttir.

Á árinu 2023 voru haldnir 10 fundir.

Endurskoðunarnefnd sjóðsins starfaði á árinu samkvæmt starfsskyldum sínum og fundaði nefndin fimm sinnum á árinu 2023. Í endurskoðunarnefnd sitja þau Rannveig Tanya Kristinsdóttir, Aðalsteinn Haukur Sverrisson og Sigurrós Ásta Sigurðardóttir.

Starf stjórnar hefur gengið vel og vil ég nota þetta tækifæri og þakka bæði fyrrverandi og núverandi stjórn og starfsfólki sjóðsins fyrir gott samstarf og vel unnin störf á liðnu starfsári.

Ég legg þá tillögu fyrir fundinn að fundarstjóri verði Svandís Rún Ríkarðsdóttir og fundarritari Birna Bjarnþórsdóttir.

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

*Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lýsti yfir að boðað hefði verið til ársfundarins með þeim hætti sem samþykktir lífeyrissjóðsins gera ráð fyrir, en ársfundurinn var auglýstur í Morgunblaðinu 11. apríl sl. og á heimasíðu sjóðsins. Engar athugasemdir bárust frá fundarmönnum um boðun fundarins og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan. Því næst fór fundarstjóri yfir dagskrá fundarins og kynnti næsta dagskrárlið sem var yfirferð framkvæmdastjóra á ársreikningi sjóðsins.*

## 2. Ársreikningur 2023

Framkvæmdastjóri sjóðsins, Gerður Guðjónsdóttir, kynnti ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og greindi frá því að ársreikningurinn er birtur á heimasíðu sjóðsins. Stjórn og framkvæmdastjóri hafa staðfest ársreikninginn og endurskoðendur sjóðsins hafa áritað ársreikninginn með fyrirvaralausri áritun.

Hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði um 4.442 m.kr. og var 91.622 m.kr. í árslok 2023, sem samsvarar 10,1% nafnávöxtun og 2,0% raunávöxtun. Meðalraunávöxtun sjóðsins til fimm ára er 1,3% og síðustu 10 ára 2,5%.

Við yfirferð á iðgjöldum kom fram að iðgjöld ársins námu 3.072 m.kr. en voru 2.948 m.kr. á árinu 2022. Lífeyrisgreiðslur voru 7.257 m.kr. og hækkuðu um 8,1% á árinu. Vísitala lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna hækkaði um 9,5% á árinu 2023 en um 7,2% á árinu 2022. Ellilífeyrir vegur sem fyrr þyngst og var 84,9% af greiddum lífeyri á árinu, makalífeyri 11,8% og örorkulífeyri 3,3%. Virkum sjóðfélögum fækkar ár frá ári en á árinu 2023 greiddu 167 að meðaltali inn í sjóðinn. Lífeyrisþegum fjölgaði á árinu og voru að meðaltali 3.809 á árinu en 3.581 á árinu 2022.

Hreinar fjárfestingatekjur sjóðsins 2023 voru jákvæðar um 8.826 m.kr. en á árinu 2022 voru þær neikvæðar um 1.330 m.kr. og hækkuðu þannig um 10.156 m.kr. milli ára.



Rekstrarkostnaður sjóðsins var um 199 m.kr. á árinu 2023 og hækkaði um 20 m.kr. milli ára sem skýrist einkum af rekstrarsamningnum við Brú, en hlutdeild í rekstri er skipt eftir áfallinni skuldbindingu í lok fyrra árs og fer hlutfall sjóðsins lækkandi ár frá ári.

Ávöxtun á árinu 2023 var góð og mun betri en á árinu 2022 sem var einstaklega lélegt ár ávöxtunarlega séð. Frá aldamótum hefur raunávöxtun sjóðsins verið jákvæð fyrir utan árið 2022. Talsverðar markaðssveiflur voru á árinu 2023 en þegar leið á árið varð hækkun á mörkuðum sem skýrir góða ávöxtun. Stýrivextir voru hækkaðir fjórum sinnum 2023, síðast í ágúst en voru svo óbreyttir í 9,25% út árið. Verðbólga var áfram há á árinu sem og hátt vaxtastig, þá hafa stríðsátök og náttúruhamfarir á Reykjanesi haft áhrif á markaðinn en þokkalegur stöðugleiki var á gjaldeyrismarkaði. Innlendir hlutabréfamarkaður lækkaði um 0,52% á árinu samanborið við 14,2% lækkun á árinu 2022 en hækkun varð á innlendum skuldabréfamarkaði.

Heildareignir sjóðsins voru 91.622 m.kr. í lok árs 2023. Skuldabréf, og þá einkum skuldabréf með ríkisábyrgð, vega sem fyrr þungt í eignasafni sjóðsins. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum sýnir að 84,5% er í íslenskum krónum. Kröfur samanstanda af iðgjaldakröfum og fyrirframgreiddum lífeyri. Ýmsar skuldir eru að stærstum hluta vegna ógreiddrar staðgreiðslu af lífeyrisgreiðslum um áramót.

Bókfært virði fjárfestinga var 90.369 m.kr. í árslok 2023 en 86.150 m.kr. í árslok 2022. Á árinu var einkum fjárfest í erlendum hlutabréfasjóðum en einnig var keypt í innlendum hlutafélögum. Útlán eru sjóðfélagalán og keypt veðskuldabréf fyrirtækja og sveitarfélaga og voru útlán til sjóðfélaga 50 m.kr. og lækkuðu um 28% á árinu vegna uppgreiðslu á lánum. Engin ný veðskuldabréf voru keypt á árinu.

*Fundarstjóri bauð gestum upp á umræður og fyrirspurnir um fyrstu tvo dagskrárliðina. Engar spurningar.*

*Kynntur var næsti dagskrárliður og bauð fundarstjóri, framkvæmdastjóra sjóðsins, Gerði Guðjónsdóttur að kynna skýrslu um tryggingafræðilega athugun.*

### 3. Tryggingafræðilega athugun

Framkvæmdastjóri sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings á stöðu sjóðsins í árslok 2023. Árlega er gerður samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við skuldbindingar vegna greiðslu lífeyris. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum er byggt á forsendum sem eru háðar óvissu.

Farið var yfir aðferðafræði og helstu reikniforsendur útreikninga en þær eru óbreyttar frá fyrra ári. Í desember 2021 staðfesti fjármála- og efnahagsráðuneytið tillögur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um breytingar á forsendum reiknigrunnis um lífslíkur. Lífslíkur eru reiknaðar út frá spám sem byggja á að meðalævi landsmanna haldi áfram að lengjast í stað þess að reikna lífslíkur út frá reynslu fortíðar. Örorkubyrði sjóðsins er lítil og miðað er við meðaltal úr athuguninni fyrir örorkulíkur karla en 67% fyrir konur. Við mat á rekstrarkostnaði er notuð fráviksaðferð vegna þess að líftími sjóðsins er styttri en líftími sjóða sem opnir eru nýjum sjóðfélögum og gert er ráð fyrir að kostnaður verði sama hlutfall af skuldbindingum sjóðsins til framtíðar, núvirt með 3,5% vöxtum en ekki í samræmi við leiðbeiningar um óbreyttan kostnað í 50 ár.

Samþykktir sjóðsins gera ekki ráð fyrir að iðgjöld og ávöxtun eigna dugi fyrir lífeyrisgreiðslum en sjóðurinn nýtur bakábyrgðar Reykjavíkurborgar. Á árinu 2007 lagði Reykjavíkurborg inn til sjóðsins



24 ma.kr. í formi skuldabréfa sem fengin voru fyrir sölu á hlut borgarinnar í Landsvirkjun. Uppgjör á hluta af lífeyrisskuldbindingu Reykjavíkurborgar var gert á árinu 2021 og hluti á árinu 2023. Reykjavíkurborg og aðrir launagreiðendur greiða aukaframlag sem nemur 74% af greiddum lífeyri. Miðað við þetta hlutfall til framtíðar verða heildareignir sjóðsins í jafnvægi við heildarskuldbindingar.

Heildarstaða sjóðsins í lok árs 2023 er jákvæð um 103 m.kr. Áfallnar skuldbindingar, það eru réttindi sem sjóðfélagar eru búnir að ávinna sér, eru um 131,4 ma.kr. Framtíðar skuldbindingar, þ.e. áætluð réttindi sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að ávinna sér, eru 2,3 ma.kr. Skuldbindingar samtals eru um 133,7 ma.kr. en eignir samtals eru 133,8 ma.kr. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er því jákvæð upp á 0,1% samanborið við 12,1% í árslok 2022.

*Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 3. dagskrárlið. Engar spurningar. Fundarstjóri bauð Svandísi Rún Ríkarðsdóttur, sviðstjóra eignastýringar að fara yfir næsta dagskrárlið.*

#### 4. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Svandís Rún Ríkarðsdóttir sviðsstjóri eignastýringar kynnti fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2024. Hún vakti athygli á því að fjárfestingarstefnan er birt á heimasíðu sjóðsins og hluthafastefna og stefna um ábyrgar fjárfestingar eru hluti af fjárfestingarstefnunni. Fjárfestingarstefna sjóðsins er samþykkt í nóvember ár hvert af stjórn sjóðsins og lögum samkvæmt send til fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands fyrir 1. desember.

Fram kom að markmið stjórnar er að hafa varkára fjárfestingastefnu svo ekki reyni frekar á bakábyrgð Reykjavíkurborgar en jafnframt að ávaxta eignir sjóðsins á hagkvæman hátt með uppbyggingu eigna að leiðarljósi. Eignasamsetning sjóðsins er í samræmi við lög og stefnur, sbr. heimildir VII. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Áhersla er lögð á að stýra eignum sjóðsins með faglegum hætti og vanda til vinnu sem liggur að baki ákvörðunum um fjárfestingar, jafnframt er lögð áhersla á grænar fjárfestingar í samræmi við stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Við ákvörðun um samsetningu eigna í fjárfestingarstefnu sjóðsins er horft til núverandi ávöxtunar eignaflokka, væntanlegrar útgáfu og skráningar og annarra þátta sem talið er að kunni að hafa áhrif á fjárfestingaumhverfi og möguleika sjóðsins til ávöxtunar. Greining á skuldbindingum sjóðsins, aldursdreifing sjóðsfélaga og áætlun um greiðsluflæði liggur jafnframt til grundvallar.

Stefnan er sett fram í samandreginni útgáfu sem dregur fram, annars vegar heildarhlutfall skuldabréfa og innlána sem er nú 71% og hins vegar hlutabréfa og fagfjárfestasjóða sem er núna 29%. Stefnan miðar að því að halda heildarvægi skuldabréfa og hlutabréfa óbreyttu. Sundurliðun á undirliggjandi eignaflokkum ásamt vikiðum er að finna í viðauka fjárfestingarstefnunnar.

Fjárfestingarstefnan er einnig sett upp til næstu fimm ára eða til loka árs 2028 og helst heildarvægi skuldabréfa og innlána annars vegar og hlutabréfa og fagfjárfestasjóða hins vegar, áfram óbreytt þó nokkur breyting verði á hlutfalli innlendra og erlendra hlutabréfa. Hátt hlutfall skuldabréfa í eignasafninu hefur áhrif á væntingar um ávöxtun en dregur jafnframt úr sveiflum.

*Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 4. dagskrárlið.*

*Engar spurningar. Fundarstjóri fór yfir næsta dagskrárlið.*



## 5. Tilnefning stjórnarmanna og varamanna

Samkvæmt samþykktum sjóðsins er stjórnin skipuð fimm stjórnarmönnum og tveim varamönnum. Skipunartími stjórnar er fjögur ár.

Borgarráð skipar þrjú stjórnarmenn í stjórn sjóðsins og í upphafi árs voru það Heiða Björg Hilmisdóttir formaður, Janus Arn Guðmundsson og Aðalsteinn Haukur Sverrisson. Í febrúar 2023 tók Maríjon Ósk Nóadóttir sæti Janusar í stjórn sjóðsins.

Sameyki skipar tvo stjórnarmenn og í upphafi árs voru það Jakobína Þórðardóttir varaformaður og Kolbrún Hauksdóttir en í febrúar 2023 tók Gunnar Rúnar Matthíasson sæti Kolbrúnar og í október 2023 tók Garðar Hilmarsson sæti Gunnars.

Borgarráð skipar einnig einn varamann í stjórn sjóðsins og í upphafi árs 2023 var það Jórunn Pála Jónasdóttir en í febrúar 2023 tók Helgi Áss Grétarsson sæti Jórunnar sem varamaður.

Sameyki skipar einnig einn varamann í stjórn sjóðsins og í upphafi árs var það Gunnar Rúnar Matthíasson en í febrúar 2023 tók Kolbrún Hauksdóttir sæti Gunnars og í október 2023 tók Herdís Jóhannsdóttir sæti Kolbrúnar.

Í lok árs 2023 var stjórn sjóðsins þannig skipuð, Heiða Björg Hilmisdóttir formaður, Jakobína Þórðardóttir varaformaður, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Maríjon Ósk Nóadóttir og Garðar Hilmarsson. Varamenn eru þau Helgi Áss Grétarsson og Herdís Jóhannsdóttir.

Í endurskoðunarnefnd sitja þau Rannveig Tanya Kristinsdóttir, Aðalsteinn Haukur Sverrisson og Sigurrós Ásta Sigurðardóttir.

## 6. Kynning á breytingum á samþykktum sjóðsins

Fundarstjóri greindi frá því að engar breytingar hafi verið gerðar á samþykktum sjóðsins á árinu 2023 en núgildandi samþykktir tóku gildi 1. desember 2021.

Einnig upplýsti fundarstjóri um að fyrirhugað er að sameina sjóðinn við Brú lífeyrissjóð á árinu 2024.

## 7. Önnur mál

Engin tillaga var lögð fram um önnur mál.

*Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir í lok fundarins.*

Fundarstjóri lagði til að hún og fundarritari fengju leyfi fundarins til að ganga frá fundargerð og birta á vefsíðu sjóðsins.

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og bauð formanni stjórnar orðið til að slíta fundi.



Formaður stjórnar þakkaði stjórn og starfsfólki sjóðsins fyrir gott samstarf á árinu og framsögufólki og gestum fyrir góðan fund og sleit að því loknu fundinum.

Fundi slitið kl. 16:45

---

Svandís Rún Ríkarðsdóttir, fundarstjóri

---

Birna Bjarnþórsdóttir, fundarritari